

## 64. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 29. október, 2010, kl. 13:00

Í upphafi fundar var snæddur hádegisverður í mötuneytinu

**Fundinn sátu:** Gunnar Þorgeirsson, formaður, Edda Antonsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, skólameistari, Páll M. Skúlason, aðstoðarskólameistari, Valgarður Reynisson, nýr fltr. kennara, Sigurður Skúli Benediktsson, fltr. nemenda og María Magnúsdóttir, fltr. foreldraráðs. Margeir Ingólfsson boðaði forföll. Sigurður Ingi Jóhannsson var forfallaður.

Fundarefni:

1. Reikningsskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2009-31. júlí 2010
2. Nemendur og aðsókn - tölfraði
3. Fjárlagafrumvarp vegna ársins 2011
4. Leigukjör á heimavistum ML – samanburður milli heimavistarskóla
5. Skipulag og framkvæmd dansleikja í ML
6. Staða mála í vinnu Stýrihóps
7. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa kennara og fyrsta fltr. foreldra á skólanefndarfundum, sérstaklega velkoma.

### 1. Reikningsskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2009-31. júlí 2010

Skm. hafði framsögu um þennan lið og dreifði ársreikningi (fskj. 1).

Fjallaði um rekstrarfyrirkomulag mötuneytisins. Nú greiða nemendur kr. 1690 á dag.

Tekjur lækka lítillaga milli ára vegna færri aukakostgangara og ákvörðunar um að reikna föstudag að hálfu.

Fundarmenn spurðu um ýmsa þætti og skm. var til andsvara auk þess sem hann fór í gegnum og skýrði helstu þætti.

Lagt fram til kynningar.

### 2. Nemendur og aðsókn – tölfraði

Aðst. skm. Hafði framsögu um þennan lið að dreifði samantekt á upplýsingum um samsetningu nemenda og þróun nemendafjölda í skólanum síðustu 10 ár. (fskj. 2)

Meðal þess sem kom fram var að stúlkur eru nú 55% nemenda, 81% kemur af Suðurlandi, brottall nemenda hefur minnkað umtalsvert á síðustu árum.

### 3. Fjárlagafrumvarp vegna ársins 2011

Skm. hafði framsögu og dreifði upplýsingum úr frumvarpinu (fskj. 3). Skv frumvarpinu er skólanum gert að spara um 6,4%. Þá er þar gert ráð fyrir að tekjur af hótélrekstri fari til framkvæmda, en fram til þessa hafa þær tekjur farið í rekstur. Þetta þýðir, að niðurskurðurinn yrði 11,6%. Skm kveðst hafa komið á framfæri mótmælum vegna þessa. Hann kvaðst óttast það sem þetta hefði í för með sér og er þegar farinn að undirbúa aðgerðir til að takast á við slíkar aðstæður. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins á nemanda í skólanum sé kr 970000.

### 4. Leigukjör á heimavistum ML – samanburður milli heimavistarskóla

Skm. dreifði samantekt á leiguverði á heimavistum í framhaldsskólum landsins (fskj. 4).

Upplýsingarnar eru af heimasíðum skólanna. Hann fylgdi þessum upplýsingum síðan úr hlaði, en

þær er með ýmsum hætti og ekki alltaf auðvelt að átta sig á hverskonar híbýli er að ræða í öllum tilvikum. Þó virðist ljóst að leiguverðið hér er lægra en það sem er raunin í öðrum framhaldsskólum.

Skm. leggur þetta fram til upplýsingar og til að hafa til hliðsjónar þegar ákvörðun verður tekin um leiguverð á næsta skólaári.

## 5. Skipulag og framkvæmd dansleikja í ML

Pálmi Hilmarsson, húsbóndi á heimavist sat fundinn undir þessum lið.

Skm hafði framsögu og dreifði bréfum sem borist frá ráðherra og umboðsmanni barna um ýmislegt sem snýr að líðan nemenda og fleira. (Mmrh. 21092010), (Mmrh. 03092010, Ub. 17082010 og Mmrh. 17052010 (fskj. 5).

Skm og PH fóru yfir fyrirkomulag reykingamála, áfengismála, fíkniefnamála og forvarna eins og farið er með þessa þætti í skólanum.

Þeir sem tjáðu sig undir þessu lið lýstu flestir ánægju með hvernig staðið er að þessum málum af hálfu skólans. Þessi mál voru rædd allmikið og ýmis sjónarmið komu fram, m.a. um fyrirkomulag einstakra skemmtana eða hefða, m.a. taldi fltr kennara taldi, að ástæða væri til að herða reglur í tengslum við dimissio.

Nefndin lýsir fullum stuðningi við framkvæmd forvarna í skólanum.

## 6. Staða mála í vinnu Stýrihóps

Skm. hafði framsögu og dreifði samantekt á því sem hópurinn hefur verið að fjalla um og hver staðan er í vinnu hópsins. (fskj. 6) Til kynningar.

## 7. Önnur mál

a. *Framkvæmdir framundan.* Skm greindi frá því, að framundan er uppsetning á lyftu milli hæða á Fjarvistarálmu og að eftir áramót verði endurnýjaðar innréttingar í álmu 4 í heimavistarhúsinu Kös.

Óformlega var rætt um málefni Héraðsskólahússins í tengslum við þennan lið.

b. Stærðfræðikeppni. Skm greindi frá því að Þjóðbjörg Eiríksdóttir hafi verið meðal 20 efstu í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna, á neðra stigi.

c. Skm fjallaði stuttlega um verkefni Heilsueflandi framhaldsskóli og Skóli á grænni grein sem skólinn er aðil að.

d. Skm greindi frá rannsókn á líðan og högum nemenda; ferilrannsókn sem verður lögð fyrir nemendur í framhaldsskólum í næstu viku.

Fundi slitið kl. 15:07

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason